



MIDVIKUDAGUR 12. APRÍL 2017

Viðburðir



Vigdís Eva Líndal setur allan pappír, plast, ál og gler í endurvinnslu og er meðvituð um matarsóun.

[Endurvinnsla](#) ➔8



KitchenAid hefur alla tíð verið eitt vinsælasta vörumerkið á Íslandi. Við innkomuna í heimilistækjadeild Raflands blasir við þessi glæsilega útstilling á nýju koparlitðu hrærivélinni. MYNDIR/EYÞÓR

Sameinar allt það besta

Rafland er ný verslun sem opnuð var í Síðumúla í Reykjavík í síðustu viku. Verslunin byggir á tveimur kunnuglegum raftækjaverslunum, Sjónvarpsmiðstöðinni og Einari Farestveit. Rafland býður upp á gott úrval heimilistækja, sjónvarpa og ýmissa raftækja frá þekktum vörumerkjum.



Fæst í næsta apóteki eða heilsuvörverslun

Framhald af forsiðu →

Ný og glæsileg verslun var opnuð í Síðumúla 2-4 í Reykjavík í síðustu viku undir nafninu Rafland. Þar sameinast undir einu nafni rekstur tveggja kunnuglegra raftækjaverslana, Sjónvarpsmiðstöðvarinnar og Einars Farestveit, og mun nýja verslunin selja gott úrval heimilistækja, sjónvarpa og ýmissa raftækja að sögn Dísu Sigurðardóttur, markaðsfulltrúa Raflands. „Nýja verslunin sameinar allt það besta úr Sjónvarpsmiðstöðinni og Einari Farestveit. Sjónvarpsmiðstöðin hefur lengi verið með eitt mesta úrval landsins af sjónvörpum, hljómtækjum, hátölurum og tengdum vörum á meðan Einar Farestveit var þekktust fyrir KitchenAid hrævélarnar en bauð einnig upp á gott úrval af vönduðum heimilistækjum auk Saeco kaffivélanna sem hafa verið vinsælar á Íslandi undanfarna áratugi.“

Verslanirnar buðu ekki bara upp á góðar vörur, þær áttu einnig sameiginlegt að leggja mikið upp úr sérþekkingu starfsmanna og að veita góða þjónustu segir Dísu. „Verslanirnar eiga því vel saman sem ein heild og í Raflandi verður lögð enn meiri áhersla á hágæða heimilis- og raftæki. Sem fyrr verður áhersla lögð á frábæra þjónustu og til að mynda var sett upp ný heimasíða við sameininguna þar sem sameinað úrval er komið saman á einum stað.“

Nýr vefur

Hún segir nýju heimasíðuna vera afar notendavæna og aðgengilega. „Þar er bæði hægt að leita eftir vörumerkjum og vörutegundum, slá inn leitarorð og þrängja leitina talsvert. Vefurinn er myndrænn og fallegur svo það er auðvelt að vafra líka og skoða úrvalið. Við erum einnig með netklúbb á vefnum en þeir sem skrá sig í hann fá send tilboð og önnur fríðindi sem aðrir fá ekki.“

Stærstu vörumerki Raflands eru



KitchenAid vélarnar njóta sín í öllum regnbogans litum.



Í Raflandi fæst úrval af gæðapvottavélum og -þurrkurum.



Í nýja sjónvarpsríminu má auðveldlega finna sjónvarp við allra hæfi.



Innbyggðu lúxuseldhústækin frá KitchenAid hafa ekki áður sést á Íslandi.



Rafland selur potta og pönnur frá WMF og Tefal. Einnig glæsilega háfa sem njóta sín en eru ekki lýti á eldhúsinu.



Fyrir þig í Lyfju

lyfja.is

Nú er tími fyrir fallega brúnku!

BronzExpress brúnku vörurnar gefa þér fallegan lit sem endist!

25% afsláttur
Gildir út apríl



KitchenAid og LG að sögn Dísu en verslunin selur einnig vörur frá fjölda annarra heimsþekktu vörumerkja á borð við Dyson, JBL, Beko, Tefal, OBH Nordica, Sonos, Panasonic, Grundig, Harman Kardon og Yamaha svo nokkur séu nefnd. „Þetta spannar allan skalann, allt frá ódýrari vörum yfir í dýrari lúxusmerki, frá litlum heimilistækjum upp í stærri heimilistæki og svo yfir í sjónvörp, raftæki, hljómtæki og hátalara. Rafland býður bæði upp á ódýr tæki en einnig úrval af betri lúxusraftækjum.“

Stolt af starfsfólkinu

Verslun Einars Farestveit var áður í Borgartúni en hefur nú verið færð í Síðumúla 4 og er nú Heimilistækjadeild Raflands. „Verslunin í Síðumúla 4 er miklu stærri en verslunin var í Borgartúni svo

Við viljum veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu ásamt því að selja þeim hágæða raftæki sem eru bæði falleg og notendavæn. **Dísu Sigurðardóttir**

úrvalið hefur verið stórukið frá því sem áður var. Þetta er án efa ein af glæsilegri heimilistækjaverslunum borgarinnar. Þar má m.a. sjá hágæða KitchenAid ofna sem ekki hafa sést áður á Íslandi, háfa í öllum stærðum og gerðum, metralöng helluborð og svona mætti áfram telja.“

Sjónvarps- og raftækjadeildin í Síðumúla 2 hefur einnig fengið yfirhalingu og skartar núna glæsilegu

sjónvarpsýningarými, þar sem nýjustu OLED tækin frá LG njóta sín til hins ýtrasta, að sögn Dísu.

Rafland er stolt af sérþekkingu starfsmanna sinna og leggur mikið upp úr þjónustulund, segir Dísu. „Sjónvarpsmiðstöðin og Einar Farestveit voru bæði rótgróin fyrirtæki og bæði höfðu verið starfrækt í um hálfu öld. Starfsfólk beggja fyrirtækja var margt búið að starfa þar lengi og meðalstarfsaldur er yfir tíu ár. Þetta hefur ekki breyst, við höfum ennþá sama starfsfólkið og sömu reynsluboltana á bak við hvora deild fyrir sig í Raflandi. Við viljum veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu ásamt því að selja þeim hágæða raftæki sem eru bæði falleg og notendavæn.“

Nánari upplýsingar má finna á www.rafland.is.

Páskalambið hennar mömmu á Bryggjunni Brugghús um páskana

Talið verður í sannkallaða fjölskyldustemningu yfir páskahelgina á Bryggjunni Brugghús. Á boðstólum verður dýrindis lambalæri með öllu tilheyrandi að hætti mömmu. Fyrir þá sem leggja sér ekki ferfætlinga til munns verður einnig léttsaltaður þorskur á boðstólum. Ásamt hefbundnum matseðli. Innifalið er páskabjór Bryggjunnar eða Malt og Appelsín. 4.990 kr á mann.

Vinsamlegast athugið að lágmarksfjöldi fyrir bókun á heilu lambalæri eru 4 og skal bókað með minnst 24 klukkustunda fyrirvara. Til þess að bóka borð hafið samband við booking@bryggjanbrugghus.is eða hringið í síma 456 4040.



Bruggtúrar og Bjórskóli fyrir vini og fyrirtæki

Bruggmeistarinn miðar að því að gefa nemendum sínum góða innsýn í hinn spennandi og bragðgóða heim bjórsins. Kennarar okkar leiða nemendur í gegnum gegnum bruggferlið ásamt því að gefa hráefni og sögu bjórsins góð skil.

Opnunartími yfir Páskana er sem hér segir:

Skírdagur:	Opið 11:30 - 24:00
Föstudagurinn Langi	Opið 11:30 - 24:00
Laugardagur	Opið 11:00 - 24:00
Páskasunnudagur:	Opið 11:00 - 24:00
Annar í páskum:	Lokað vegna Árshátíðar starfsmanna

Einsog alla sunnudaga verður lifandi JASS á Páskadag kl 20.00

Gömlu hjónin hittast á ný

Steinunn Jóhannesdóttir og Sigurður Karlsson léku hjónin Guðríði Símonardóttur og Hallgrím Pétursson í leikritinu Tyrkja-Guddu í Þjóðleikhúsinu á níunda áratugnum. Nú hittast þau á ný og flytja Passíusálmana í Hallgrímskirkju í Saurbæ á föstudaginn langa.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Steinunn er vel kunnug skáldskap Hallgríms Péturssonar og sögu hans og Guðríðar, en þekktasta ritverk Steinunnar er heimildaskáldsagan Reisubók Guðríðar Símonardóttur. „Hún er að koma út í Frakklandi núna í nýrri þýðingu. Hún er því alltaf að þvælast svolitíð um veröldina, hún Guðríður,“ segir Steinunn glettin. Passíusálmana þekkir Steinunn einnig afar vel enda hefur hún margsinnis tekið þátt í lestri þeirra og nokkrum sinnum tekið að sér að stjórna þeim. „Ég er eiginlega alltaf í Passíusálmunum um þetta leyti árs. Fyrir fjölmörgum árum fékk ég afkomendur Hallgríms og Guðríðar til að lesa sálmana og á afmælisárinu, þegar 400 ár voru liðin frá fæðingu Hallgríms, stjórnáði ég upplestri fjögurra kvenna á sálmunum í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Við áttum það allar nema ein sameiginlegt að hafa leikið Guðríði á einhverjum tímamarki.“

lýsir Steinunn. Hún bendir á að konur hafi leikið mikilvægt hlutverk í útbreiðslu sálmanna. „Hallgrímur sendi afrit af sálmunum til fjögurra kvenna sem hann treysti vel og gerði þær að sínum umboðsmönnum.“

Skipta sálmunum á milli sín

Sigurður og Steinunn störfuðu á árum áður sem leikarar og léku meðal annars hjónin Hallgrím og Guðríði í uppsetningu Þjóðleikhússins á Tyrkja-Guddu eftir dr. Jakob Jónsson, leikárið 1983-84. „Við Sigurður höfum lítið sést síðan enda hefur hann að stórum hluta búið í Finnlandi og verið mikilvirkur þýðandi bókmennta úr finnsku og hlotið margvíslega viðurkenningu og lof fyrir verk sín,“ lýsir Steinunn.

En hvernig vaknaði hugmyndin um að fá Sigurð til að lesa með henni Passíusálmana?

„Hún vaknaði á föstudaginn langa í fyrra. Þá átti Sigurður sjö-tugsafmæli og um það var getið í blöðunum. Þá áttaði ég mig á því að hann væri alkominn heim og



Steinunn og Sigurður standa hér við listaverk eftir Einar Jónsson myndhöggv-ara sem sýnir Guðríði lesa úr Passíusálmunum fyrir Hallgrím. Hún situr með opna bók eða handrit á rúmstokknum en hann ris upp við dogg og hlustar. Að baki þeim er engill. MYND/VILHELM

SKELLTU ÞÉR Í SUND UM PÁSKANA

AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA UM PÁSKA MÁ FINNA Á ITR.IS

Lykill að góðri heilsu

ákvað að spyrja hvort hann vildi lesa sálmana með mér,“ svarar Steinunn og Sigurður tók vel í það. „Og nú hittumst við „gömlu hjónin“ úr Tyrkja-Guddu á ný í Hallgrímskirkju í Saurbæ og ætlum að lifa okkur inn í þennan hjúskap á föstudaginn langa. Við skiptum sálmunum bróðurlega og systurlega á milli okkur og lesum 25 sálma hvort.“

Sögulegur staður

Fáir staðir eru tengdari sögu Passíusálmanna en Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Vorið 1651 settust hjónin Hallgrímur og Guðríður að í Saurbæ þar sem Hallgrímur tók við prestskap. Þar áttu þau eftir að lifa sín bestu ár saman og þar vann Hallgrímur sín stærstu afrek á sviði skáldskaparins en hann lauk við að

yrkja Passíusálmanna árið 1659.

Komin er hefð fyrir því að lesa Passíusálmanna í Hallgrímskirkju í Saurbæ á föstudaginn langa og Steinunn segir afar hátíðlega og fallega stemningu ríkja í kirkjunni þennan dag. „Hallgrímskirkja í Saurbæ er dásamlega falleg kirkja með notalegan hljómburð og Saurbær stendur einstaklega fallega. Þetta er yndislegur staður að heimsækja enda fjölmargir sem leggja leið sína í kirkjuna þennan dag til að hlusta um stund og ihuga þennan ótrúlega magnaða skáldskap.“

Flutningur Passíusálmanna í Hallgrímskirkju í Saurbæ á föstudaginn langa hefst klukkan 13.30 og stendur til á að gíska 18.30. Tónlist milli þátta verður í höndum Erlu Rutar Káradóttur.



Steinunn og Sigurður í hlutverkum sínum sem Guðríður Símonardóttir og Hallgrímur Pétursson í uppsetningu Þjóðleikhússins á Tyrkja-Guddu leikárið 1983-84.

UPPSELT Í STÚKU
Á BÁÐUM TÓNLEIKUM!

FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR KL. 15

KVÖLDTÓNLEIKAR KL. 20

ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MED STOLTI

PÁLL ÓSKAR

— Í HÖLLINNI —

16. SEPTEMBER

MÍÐASALA Á [TIX.IS/PALLI](https://tix.is/palli)

LESTRENNIR STJÓRNENDUR PÁLL ÓSKAR & STELLA RÓSENKRANZ DANSHÖFUNDIR STELLA RÓSENKRANZ HLJÓÐMYND BJARKI HALLBERGSSON & JAKOB REYNIÐR JAKOBSSON HLJÓÐHÖNNUN FINNUR RAGNARSSON & ÞRÖSTUR ALBERTSSON ÞUNINGAERÐ- OG HÖNNUN COCO VIKTORSSON
SVÍBS- OG LEIKMYNDARHÖNNUNDIR ERLING ÞORGRÍMSSON MYNDBANDAHÖNNUN INGI BEKK LÚSAHÖNNUN K. FREYR VILHJÁLMSON GRAEFÍK VILLI WARÉN & ÓLÖF ERLA MYNDBANDAGEÐ JONATHAN DUFFY FRAMLÆBISLUSTJÓRI HRANNAÐR HAFSTEINSSON TÓNLEIKAHALDARI ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON
HLJÓMSVEITIN TROMMUR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN HRAFNKELL ÖRN GUDJÓNSSON GÍTAR GUÐMUNDUR PÉTURSSON HLJÓÐGERVILLI STYRMIR HAUKSSON HLJÓÐBORÐ TÓMAS JÓNSSON BASSI VIGNIR RAFN HILMARSSON GÍTAR ÁSGEIR ÁSGEIRSSON
DANSARAR ANAIS BARTHE BERGDÍS RÚN BIRKIR ÖRN KARLSSON BJARNI SÆVAR SVEINSSON BJÖRN DAGUR BJARNASON BRYNJAR BJÖRNSSON BRYNJAR DAGUR ALBERTSSON EVA DRÖFN BENJAMÍNSDÓTTIR HELGA SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR
HÖSKULDUR ÞÓR JÓNSSON JAVIER VALINO JÓN EYÞÓR GOTTSKÁLKSSON LUIS LUCAS CABAMBE RAKEL KRISTINSDÓTTIR SAADIA AUBUR DHOUR VIKTOR LEIFSSON

orkusalan



MÍÐASALA FER FRAM Á [TIX.IS/PALLI](https://tix.is/palli) OG Í SÍMA 551-1380
NÁNAR HÉR: [SENA.IS/PALLI](https://sena.is/palli)

sená
LIVE!

Stefnt að aukinni flokkun

Undirbúningur vegna gas- og jarðgerðarstöðvar sem mun rísa í Álfsnesi árið 2018 er í fullum gangi og liður í því er að auka flokkun úrgangs til endurvinnslu og endurnýtingar.

Stórum hluta af því umbúðagleri sem til fellur á höfuðborgarsvæðinu er skilað gegn greiðslu skilgjalds. Áætlað er að um 1.600 tonn séu til viðbótar af umbúðagleri í almennu rusli. Með umbúðagleri er átt við t.d. sultu- og sósukrúkkur, matarolíu- og lýsiflöskur, allar aðrar umbúðir en undan gosi eða vini. Glerið má hvort sem er vera glært eða litað en þarf að vera hreint og ílát tómt. Ekki er ætlast til að rúðugler fari í grenndargámanna, því má skila á endurvinnslustöðvarnar.



Af hverju er mikilvægt að flokka gler? Söfnun á gleri er mikilvægur liður í undirbúningi að gas- og jarðgerðarstöðinni en glersöfnun kemur til með að auka gæði þeirrar moltu sem þar verður framleidd. Í dag er gler og steinefni rúmlega fimm prósent af því sem íbúar höfuðborgarsvæðisins setja í gráu heimilistunnurnar eða um átta kíló á hvern íbúa.

Gler nýtist sem fyllingarefni við framkvæmdir og nýtist þá

Í þessum mánuði bættust þrettán nýir glergámar við þá sem fyrir eru á höfuðborgarsvæðinu.

með sama hætti og mól. Þannig má draga úr námugreftri og áhrifum slíkra framkvæmda á umhverfið, auk þess sem dregið er úr kostnaði.

Fjölgun grenndargáma

Í apríl bættust við þrettán nýir glergámar sem settir hafa verið víðsvegar í Reykjavík. Einnig bættist við ný grenndarstöð í Urriðaholti í Garðabæ þar sem tekið er við pappír, plasti og gleri.

Endurvinnslustöðvar

Nú eru vorverkin í nánd og minnum við á að endurvinnslustöðvar SORPU eru opnar til kl. 18.30 alla daga vikunnar og taka við yfir 30 mismunandi flokkum til endurvinnslu og endurnýtingar.

Allar upplýsingar um grenndarstöðvar og flokkunarmöguleika er að finna á nýjum flokkunarvef SORPU á www.flokkid.sorpa.is

Grenndargámar sem taka við flokkuðu rusli.

Skápahurðir urðu rennihurð

Soffía Dögg Garðarsdóttir hefur verið með bloggsíðuna Skreytum hús frá árinu 2010 og Facebook-síðu með yfir fjörutíu þúsund fylgjendum.

Elín
Albertsdóttir
elin@365.is



Það kennir margra grasa á síðunni hennar Soffíu. Hún segist alltaf hafa haft ástríðu fyrir alls kyns hlutum, sérstaklega gömlum hlutum sem hægt sé að finna nýtt líf. Soffía hefur auk þess mjög gott auga fyrir slíkum hlutum. Þegar hún sér eitthvað gamalt, til dæmis á nytjamaarkaði, veit hún um leið hvers konar breytingu er hægt að gera til að endurskapa hlutinn.

Það var einmitt á nytjamaarkaðnum Von og bjargir sem Soffía sá skápahurðir sem hún féll fyrir. „Mér finnst svo skemmtilegt að nýta gamalt og einnig að útbúa eitthvað sem kostar ekki mjög mikið. Það er auðvitað mjög auðvelt að labba inn í finu búðirnar og kaupa sér eitthvað fallett. En það kostar mikla peninga,“ segir Soffía. „Ef maður hugsar út fyrir kassann getur maður stundum fengið sömu útgáfu eða jafnvel betri á ódýran hátt. Mér finnst sérstaklega gaman að fara á nytjamaarkaði og gramsa svólitið,“ segir hún.



Soffía segist vera hrifin af alls kyns hlutum. Hún segist ekki vera mínimalisti. „Ég er safnari í eðli mínu og hef alltaf verið. Ég var bara fimmtán ára þegar ég fór að kíkja á antikmarkaði og kaupa hina og þessa hluti. Afi minn, Jökull Pétursson, var ljóðskáld og skrifaði visur á litla miða. Ég fann tvo kassa af þessum miðum frá honum og stillti þeim upp í glerkassa og sýndi á Snapchat. Það voru rosaleg viðbrögð. Ég vil því benda fólki á að fara í geymslurnar hjá ömmu og afa. Þar geta leynst dýrgripir sem gaman er að stilla upp,“ segir Soffía.

Gömlu skápahurðirnar sem Soffía keypti fyrir litinn pening hjá Von og bjargir nýtast núna sem rennihurð fyrir þvottahúsinu hjá henni. „Mér finnst gamlar hurðir svo fallegar. Við vorum lengi búnir að velta fyrir okkur hvernig hurð myndi henta þar sem rýmið er ekki stórt. Ég málaði skápahurðirnar, við settum þær saman og keyptum braut til að setja hurðina upp sem rennihurð. Ég er mjög ánægð með hvernig þetta kemur út. Nánar má sjá hvernig Soffía útbjó hurðina á síðunni hennar skreytumhus.is.



Þarna hengu gömlu skápahurðirnar á nytjamaarkaðnum.



Hurðirnar voru málaðar svartar með útmálningu.



Séð fram í forstofuna þar sem gömlu skápahurðirnar eru núna falleg, dökk rennihurð. Hurðin setur mikinn svip á umhverfið.

Ekkert mál að flokka

Helena Jónsdóttir fór að flokka heimilissorpið þegar fjölskyldan flutti í stærra húsnæði. Hjónin leggja áherslu á að krakkarnir læri að flokka.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Það fer eiginlega ekkert í ruslið hjá okkur nema matarafgangar og við notum máispoka í ruslatunnuna. Við búum í blokk svo við höfum ekki enn þá farið að molta. Við tökum allan pappír frá, plast, gler og málm. Þegar ég kaupi inn fer ég með margnota taupoka og reyni að taka sem minnst af pappír og plasti heim," segir Helena Jónsdóttir jógakennari, en hún hafði lengi ætlað sér að flokka allt heimilissorp. Helena og maður hennar, Árni Filippusson, notuðu svo tækifærið þegar fjölskyldan flutti í stærra húsnæði fyrir þremur árum. Hollt mataræði ytti henni einnig í þessa átt.

„Ég versla mikið í búðum eins og Frú Laugu og Bændur í bænum og hef hugsað um mataræðið alveg frá því ég var tvítug. Mér fannst ekki passa að vera á þeirri línu, kaupa lífrænt og hugsa um dýravelferð en hugsa svo ekki lengra. Hvert fer þetta sem ég er að koma með heim? Hvað gerir það náttúrunni að henda bara öllu í ruslið? Ég vann líka í Jurtaapótekinnu í nokkur ár



Helena segir þau hjónin leggja áherslu á að börnin læri að flokka á heimilinu. MYND/ÁRNI FILIPPUSSON

þar sem allt er flokkað. Ég hafði samt ekki komið mér að því að flokka sjálf fyrir en við fluttum og nú fer ég ekki til baka. Þetta er ekkert mál og svo finnst mér þetta

líka svo gefandi. Ég hefði auðvitað getað byrjað miklu fyrr," segir Helena.

Í fjölskyldunni eru fimm manns og eru krakkarnir fjögurra, fimm

og átta ára. Helena segir þau hjónin vilja að krakkarnir verði meðvitað um flokkun og endurvinnslu og þau læri það sem fyrir þeim sé haft.

„Það er gaman að hafa þau með í þessu. Við erum með eina stóra skúffu í eldhúsinu sem við notum undir pappír og plast. Þau spyrja út í hvað sé plast og hvað sé pappír en oft getur það vafist fyrir þeim. Við erum líka orðin dálítið þirrandi fjölskylda þegar við bendum gestkomandi krökkum á að eitthvað sem þau ætla að henda sé ekki rusl og sé hægt að endurvinna, en það hefur líka áhrif. Vinafólk okkar fór að flokka í framhaldinu og annað vinafólk, sem býr í einbýli, ætlar líka að fara að flokka, enda frábært að geta verið með tunnurnar við húsið. Það eru grenndargámar í nágrenni við okkur en í þá þarf að tína upp úr pokunum, sem getur verið vesen í leiðinlegu veðri. Frá fimm manna fjölskyldu kemur líka mikið og við höfum vanið okkur á að fara einu sinni í viku í Sorpu. Það er ótrúlega mikið plast í umferð utan um salöt og grænmeti, nammi og snakk. Tíu litlir frostþinnar í pakka eru allir pakkaðir í plast! Þá fylgja leikföngum miklar plastumbúðir. Jafnvel þó maður reyni að taka sem minnst heim fylgir alltaf eitthvað.“



TAKK FYRIR
AÐ FLOKKA

Græna tunnann er fyrir plast

Hvernig samsetning hentar þér?

Þú getur pantað græna tunnu og gert aðrar breytingar á tunnusamsetningu á www.ekkirusl.is, í síma 411 1111 eða á sorphirda@reykjavik.is.

Plast er eitt algengasta efnið í umhverfi okkar. Notkun þess eykst í sífellu, en plastefni brotna mjög hægt niður í náttúrunni. Hlutur plasts er um 18% af þyngd blandaðs úrgangs í gráum tunnnum en allur sá úrgangur er urðaður. Það þýðir að rúmlega þrjú þúsund tonn af plasti frá Reykjavík voru urðuð í Álfsnesi í fyrra.

Græna tunnann er aukin þjónusta við söfnun á plasti sem áður var hægt að skila á grenndar- og endurvinnslustöðvar. Skil á plasti hafa aukist gríðarlega síðan hún var tekin í notkun.

Hægt er að efnisendurvinna stóran hluta plasts og brennsla til orkunýtingar er ákjósanlegri valkostur en urðun í þeim tilvikum sem endurvinnsla er ekki fýsileg af einhverjum ástæðum.

Reykjavíkurborg býður borgarþúum græna tunnu undir plastið.



Reykjavíkurborg

Fjölnotapoki á lykklakippunni

Vigdís Eva Líndal setur allan pappír, plast, ál og gler í endurvinnslu og er meðvituð um matarsóun.

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég hef alltaf haft sterka umhverfisvitund. Fréttir um umhverfismál og hlýnun jarðar hafa haft mikil áhrif á mig. Þegar ég og Þórhallur Axelsson, maðurinn minn, höfum sambúið fyrir níu árum voru endurvinnslutunnur við hliðina á blokkinni þar sem við bjuggum og síðan þá höfum við verið samtaka í þessu. Við setjum allan pappír, plast, ál og gler í endurvinnslu. Ég er meðvituð um matarsóun og reyni mitt besta til að draga úr henni með því að nýta matinn vel. Sem dæmi tek ég afskurð af grænmeti og bý til grænmetissoð sem síðan er notað í súpu og við búum til hvítlauksbrauð úr brauðendum. Þetta er orðið partur af daglega lífinu," segir Vigdís. Allur gamall og slitinn fatn-



Vigdís er sannfærð um að flokkun og endurvinnsla hafi góð áhrif á umhverfið til lengri tíma lítið. MYND/VILHELM



Vigdís segir það hafa verið ákveðið áfall þegar hún áttaði sig á hversu mikið plast fellur til á hverjum degi.



Flöskumóttaka
Endurvinnslan

aður og textill af heimilinu fer í endurvinnslugám Rauða rössins. „Það er ekki langt síðan ég áttaði mig á að allur textill mætti fara í gáminn og hann er nýttur í fataframleiðslu eða endurunninn á annan hátt. Það er einhver guðdómleg tilfinning að setja götótta, stakan sokk í poka og vita að hann endar ævina ekki í landfyllingu heldur fer í eitthvað nýtt. Mér finnst það frábært.“

Til að minnka plast á heimilinu keyptu Vigdís og Þórhallur SodaStream-tæki, auk þess sem þau reyna að drekka lítið af gosi. „Ég nota líka gler í staðinn fyrir plast og nýti glerkrukkur undir matarafganga og fleira,“ segir Vigdís, sem segir að hún hafi fyrst áttað sig á því hversu mikið rusl virkilega fellur til á hverjum degi þegar þau fóru að flokka frá plast. Það hafi í raun verið ákveðið áfall.

Hvetur til endurvinnslu

Vigdís er dugleg að hvetja fólk til að flokka og endurvinna og segist vera sjálfskipaður umhverfisstjóri í vinnunni en hún starfar hjá Persónuvernd. „Það felst aðallega í að hvetja vinnufélagana til að flokka rétt og láta þá vita ef þeir gera það ekki. Ég er ánægð með að flokkun á rusli hefur verið tekin föstum tókum því það er ekki langt síðan öllu var hent í

sömu tunnuna.“

Vinkonur Vigdísar hafa einnig tekið hana til fyrirmyndar. „Ég er nörd að eðlisfari og þar sem ég er lögfræðingur að mennt finnst mér gott að farið sé eftir reglum. Þegar ég talaði um flokkun og endurvinnslu við vinkonur mínar fyrir nokkrum árum kom í ljós að þeim fannst þetta vesen, flókið og mikið mál. Í dag eru þær flestallar byrjaðar að flokka og endurvinna það sem til fellur á þeirra heimilum. Ég fæ oft Snapchat frá þeim þar sem þær spyrja hvort þetta eða hitt megi endurvinna.“

Notar ekki plastpoka

Spurð hvort hún sé meðvituð um endurvinnslu þegar hún kaupir t.d. í matinn segir Vigdís að svo sé. „Ég nota fjölnota poka en ekki plastpoka fyrir matvörurnar. Það tók smá tíma að komast upp á lagið með að koma þeim inn í rútínuna en ég á um 20 poka. Ég er með einn á lykklakippunni til að minna mig á að hafa þá með í búðina. Við gerum stórinna kaupvikulega og reynum að fara sem minnst í búðir þess á milli. Ég nota ekki grænmetisþoka úr plasti, enda skil ég ekki hvers vegna t.d. bananar þurfa að fara í poka. Ég

hugsaði mig tvisvar um áður en ég keypti íslenskar paprikur sem búið var að pakka í papp og plast. Þær eru íslenskar og ekki hefur þurft að flytja þær langar leiðir með flugvél eða skipi og þá er hægt að velta fyrir sér af hvoru umhverfisáhrifin eru minni. Ég vildi þó að íslenskir framleiðendur gætu selt sínar vörur án þess að pakka þeim í plast.“

Eldri sonur hennar, sem er tæplega fjögurra ára, er byrjaður að sýna umhverfismálum áhuga og á það til að tina upp rusl af götunni. „Ég er nú ekki alltaf ánægð með það en hann skilur ekkert í fólk að henda rusli ekki í ruslatunnur.“

Innt eftir því hvort hún eigi góð ráð fyrir fólk sem hingað til hefur ekki flokkað það sem til fellur á heimilum segir hún best að byrja smátt og ætla sér ekki of mikið. „Þetta er eins og líkamsræktin, maður má ekki ætla sér of mikið til að ná árangri. Ég mæli með að byrja á að flokka pappír, setja álið laust í ruslatunnuna og bæta svo við plastinu. Ég er sannfærð um að flokkun og endurvinnsla hafi góð áhrif á umhverfið til lengri tíma lítið. En þá þurfa líka allir að endurvinna og það þarf að endurvinna meira en nú er gert.“

Flokkunarílát til notkunar innanhúss



FLOKKUNARBARIR

Fáanlegir í mörgum litum. Mál: 38 x 39/93 cm.



3 x 15 l.

Mál: 26/59 cm.



2 x 30 l.

Mál: 25 x 31/44 cm.



EITT HÓLF 20 l.

Mál: 26/59 cm.



2 x 11 l.

Mál: 25 x 31/44 cm.



3 x 11 l.

Mál: 25 x 47/44 cm.



1 x 8 l. KARFA

Fyrir lífræna söfnun

Mál: 18 x 22/22 cm.



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

Allar upplýsingar
í síma 535 2510



PET-flöskur

Flestar einnota drykkjarvöru-umbúðir úr plasti sem landsmenn nota á hverjum degi eru svokalladar PET flöskur.

PET, sem stendur fyrir polyethylene terephthalate, var fyrst þróað árið 1941 fyrir þræði í efnavöru (flís). Upp úr 1960 var byrjað að nota það sem umbúðir utan um filmur og um 1970 til framleiðslu á drykkjarvöruumbúðum.

Framleiðsluferli PET-flöskunnar er nokkuð flókið. Efnið sjálf kemur í stórum stæðum en fyrst þarf að brjóta það niður í smærri einingar. Næst er efnið brætt og sprautað í þar til gerð mót sem kallað er „preform“. Það er síðan sett í annað mót þar sem það er hitað svo að hægt sé að blása það hægt út þannig að hin eiginlega plastflaska myndast.

Þótt flestir tengi PET við drykkjarvöruumbúðir þá er það endurunnið í margar ólíkar vörur. Þannig er meirihluti PET endurunninn í þræði sem síðan eru notaðir í framleiðslu á flísvörum á borð við teppi, fót og umbúðir.

PET-merkingu á umbúðum má þekkja á þremur örvum í þríhyrningi með númerinu 1 í miðjunni.



Hvaða umbúðir fara hvert?

Töluverð verðmæti liggja í drykkjarumbúðum en útflutningsverðmæti þeirra er um 200 milljónir króna á ári samkvæmt upplýsingum frá Endurvinnslunni. Mest fæst fyrir ál og glært plast úr PET-efni sem eru algengustu plastumbúðirnar.

Ekki er hægt að skila öllum drykkjarumbúðum til flöskumóttöku Endurvinnslunnar. Um leið og plastið er til dæmis lítað, minnkar verðmætið og lítið þýðir að fara með slíkt plast í Endurvinnsluna. Betra er að fara með aukaumbúðir í plastgáma á grenndarstöðvum sem sjá um að koma þeim í endurvinnslu.

Glerkrukkur og gler, annað en flöskur, á einnig að fara með í flokkun sveitarfélaga.

Þar sem drykkjarumbúðir eru verðmæti þarf að huga að því að fara vel með þær, til dæmis rýrist verðmætið þegar umbúðir eru skítugar eða fullar af sigarettum og öðru rusli.

Nytjamarkaðir með gott úrval

Það eru nokkuð margir nytjamarkaðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem kennir ýmissa grasa. Þekktastur er Góði hirðirinn en þar er hægt að gera góð kaup á ýmsum munum til heimilisins. Venjulega er mjög gott úrval í Góða hirðinum en vissulega fer það eftir dögum. Þá þekkja flestir Rauðakrossbúðirnar sem selja fatnað, skó og fleira. Rauðakrossbúðirnar eru nokkrar.

Annar nytjamarkaður, Von og bjargir, er við Grensásveg. Þar er sömuleiðis gott úrval húsgagna og muna fyrir heimilið. Nytjamarkaður Samhjálp er í Ármúla 11 og tekur við ýmsum munum, en þó ekki stórum húsgögnum. Markaðurinn er fjáröflun fyrir Samhjálp.

Nytjamarkaður ABC við Víkurhvarf í Kópavogi er sömuleiðis fjáröflunar fyrirtæki. Þar eru til sölu fót, skór, gjafavara, heimilistæki og fleira. Allur hagnaður rennur til ABC barnahjálpar.

Basarinn, nytjamarkaður, er í Austurveri við hlið Grensáskirkju. Þar er hægt að fá notuð fót, skó, borðbúnað, leikföng og fleira. Þá er Fjölskylduhjálp Íslands með nytjamarkað að Íðufelli 11 þar sem er mikið úrval af fatnaði, skóm og leikföngum svo eitthvað sér nefnt.

Flesta nytjamarkaði er hægt að finna á Facebook.



Við færum þér vefslóð sem þú getur ekki hafnað

Allt um flokkun á flokkid.sorpa.is

Kynntu þér nýjan flokkunarvef SORPU, flokkid.sorpa.is. Þar finnur þú allar upplýsingar um flokkun úrgangs, gjaldskyldu og móttökustöðvar okkar. **Verum fremst í flokki.**

SORPA

Gylfahlöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is

Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



TOYOTA Land cruiser 150 vx diesel 33". Árgærd 2016, ekinn 5 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.290.000. Rnr.151649. Einn m/öllu



BMW X5 3.0si 3.0i e70. Árgærd 2007, ekinn 86 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.288548. Mjög gott eintak

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

STÓRA BÍLASALAN



BMW X5 3.0i. Árgærd 2006, ekinn 206 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. Verð 1.790.000. Rnr.159301.



SKODA Fabia 1.2 tsi. Árgærd 2014, ekinn 22 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.680.000. Rnr.136038.



100% LÁN
HYUNDAI I10 comfort. Árgærd 2014, ekinn 71 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. Verð 1.490.000. Rnr.159400.

STÓRA BÍLASALAN



100% LÁN
TOYOTA RAV4. Árgærd 2006, ekinn 152 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. Verð 1.380.000. Rnr.136020.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Toyota Kauptúni



TOYOTA Rav4 gx diesel 2wd. Árgærd 2016, ekinn 19 þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.290.000. Betra verð 3.990.000. Rnr.450508.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6, 210 Garðabær
Sími: 570 5070
www.toyotakaupuni.is

VAKA



Öruggr Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.


Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

KRÓKUR



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu



Nissan micra. Árg 2004. Sjálfskiptur. Ekinn 106 þúsund km. Verð: 350 þús. S: 6162597

Bílar óskast


Þarfnast bílinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352

Bátar



HEIMAVÍK

Nýju sjóbleikjunetin komin, meira flot, dýpri net, meiri veiði. Heimavík Sporhamrar 3, S. 892 8655 www.heimavik.is



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasiðuna okkar alguggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



NÝIR BÍLAR Á LÆGRA VERÐI!

KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU



Yaris Hybrid Edition S

AÐEINS KR.

2.490
ÞÚSUND

VEL BÚINN BÍLL

- Sjálfskiptur
- Bakkmyndavél
- Akgreinavari
- Árekstrarvari
- Bluetooth
- 15" álfelgur
- Hiti í sætum

...og margt fleira

Til afgreiðslu núna - Komdu og prófaðu - Allt að 90% lán - Skoðum með uppþöku á notuðum bílum

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan



STÓRA BÍLASALAN

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppi ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar

**Bílaraf**

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglarðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Felli tré, grísjá og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarpunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnunar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklaðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hliðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í 105, laust strax. Uppl í síma 690 0978

Geymslúhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geyslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S. 564-6500

Skemmtanir



BOLTINN Í BEINNI

HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

Leikir og opnunartími um páskana:

Miðvikudag 11:00-03:00 (Ball)

Skírdag opið 13:00-20:00

Föstudaginn langa lokað

laugardag opið 12:00-03:00 (Ball)

Páskadag opið 12:00-18:00

12:20 WBA - Liverpool

15:00 Man. United - Chelsea

Annar í páskum opið 14:00-01:00



Heimilismatur í hádegjun virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Atvinna

Atvinna í boði



MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samvirkusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublið á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/



AFLEYSING TIL 15. JÚLÍ N.K.

Vegna veikinda ráðskonunnar okkar leitum að einstaklingi sem er ljúfur í lund, ábyrgur og samstarfsfús í 100% stöðu. Lögð er rík áhersla á einfalt og holt fæði við hæfi ungra barna. Gíldi leikskólans eru Umhyggju, virðingu og gleði. Allir sem starfa við leikskólann þurfa í framkomu sinni við börnin að sýna framkomu sem tekur mið af þeim.

Vinsamlega sendið fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti á: regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í síma 899-2056 Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri

PULLAN ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Á ÖLLUM ALDRI Í PYLSUVAGN Í REYKJAVÍK.


Leitað er af vaktstjórum og í almenna afgreiðslu góð laun í boði á skemmtilegum vinnustað.

Reglulegar starfsamanna skemmtanir og árangustengdir bönusar.

Frekari upplýsingar og umsóknir sendast á pullan@pullan.is.

Starfskraft vantar í Sauðburð æskilegt að viðkomandi gæti unnið inniverk með Uppl. í s. 487 4791 864 2146

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

Vissir þú að... Barnahell
Þórir eru megin ábyrgð á aðstoðu af ískrálegum, auðlegum og félagslegum þrotum barna sína.

Atvinna

Öflug bílaleiga með aðsetur í Keflavík óskar eftir starfsmönnum í eftirfarandi störf.

Afgreiðsla, Dag- og næturvaktir.

Bílaþvottur, Dag- og næturvaktir.

Áhugasamir sendi tölvupóst á andrew@procar.is

Wypozyczalnia samochodów w Keflaviku poszukuje pracowników na stanowiska:

Obsługa klienta - dzienne oraz nocne zmiany;

Myjnia samochodowa - dzienne oraz nocne zmiany.

Prosimy o przesłanie CV na adres email:

andrew@procar.isBlaðberinn
bíður þínÞú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Cafe
Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Rúnar Þór & Klettur

spila í kvöld miðvikudag
kl. 00-03

(opið til 03)

og laugardag kl. 00-03

Allir velkomnir



Fundir

Aðalfundur
Samtaka lungnasjúklinga

Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn mánudaginn 8. maí 2017 kl. 20 í SíBS húsinu að Síðumúla 6.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna.
Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin.

Atvinna

Langar þig í krefjandi og skemmtilegt starf?

Byggingafélagið Dalhús ehf leitar nú að öflugum verkefnastjóra í framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði húsbyggingafræða
- Þekking og reynsla í verkstjórn og mannaforráðum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Vera lausnamiðaður, víðsýnn og geðprúður

Upplýsingar veitir:

Gaðar í síma 8650433 eða á netfangið gardar@dalhus.is

Dalhús ehf er stöndugt og metnaðarfullt byggingafélag sem byggir á áratuga reynslu eiganda og helstu stjórnenda. Við byggjum íbúðir frá grunni og seljum fullbúnar til kaupenda. Verkefnastjórnastarfið er metnaðarfullt, og fjölbreytt starf, þroskandi og gefandi í senn. Verkefnastjóri er hluti af stjórnendateymi og nýtur mikils stuðning þess í starfi.

Dalhús
BYGGINGAFÉLAG

D O H O P
Anywhere. Simple.

FÖSTUDAGA KL. 19:45

ASÍSKI DRÁUMURINN

MARGFALT SKEMMTILEGRI | 1817 | 365.IS | **365**

Fasteignir



Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.



Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.



Brynjar Baldursson
sölufulltrúi



Jóhann Friðgeir
Valdimarsson
sölufulltrúi



Kristinn Tómasson
lögg. fast.

Fyrir fólk á
fasteignamarkaði

Húsafell glæsivilla

Stórglæsilegt og sérlega vandað 159,9 fm. hús auk 20,2 fm. gesta húss á þessum fallega og veðursæla stað í Húsafelli.

Allar innréttingar og hurðir eru sérsníðaðar og hefur hvergi verið til sparað við efnisval í húsinu. Allir gluggar og hurðir eru úr harðvið. Gólfhiti er á neðri hæð auk ofna.

Verð: 62,9 millj. kr.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Ásmundur Skeggjason fasteignasali,
asmundur@hofdi.is,
Gsm 895 3000.

**Selbraut Seltjarnarnesi - Glæsilegt einbýli**

Sérlega vandað og vel staðsett 402 fm. einbýlishús sem stendur á 956 fm eignarlóð á Seltjarnarnesi.

Arkitekt hússins er Helgi Hjálmarsson FAÍ, Teiknistofunni Óðinstorgi.

Hér er á ferðinni frábært fjölskylduhús á Seltjarnarnesi.

Verð: 175 millj. kr.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Ásmundur Skeggjason fasteignasali,
asmundur@hofdi.is, Gsm 895 3000.

